



Borgarráð

**Gjalddagi kröfu vegna breytinga á afslætti á fasteignagjöldum 2016**

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Skv. 5. mgr. sömu greinar er eindagi fasteignaskatts 30 dögum eftir gjalddaga.

Lagt er til að gjalddagi á kröfu vegna breytinga á afslætti á fasteignagjöldum 2016 verði:

1. nóvember 2016.

Sé krafra yfir 25.000 kr. er boðið upp á greiðsludreifingu til allt að 3ja mánaða.

**Greinargerð:**

Tillagan felur ekki í sér breytingu frá verklagi síðustu ára.

Eins og fram kemur í tillögunni segir í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 að sveitarstjórn skuli ákveða fjölda gjalddaga fasteignaskatts. Borgarstjórn hefur ákveðið fjölda gjalddaga fasteignagjalda skv. tillögu þar að lútandi en ekki hefur verið lögð fram sérstök tillaga um fjölda gjalddaga á kröfu vegna breytinga á afslætti á fasteignagjöldum.

Sveitarstjórn hefur heimild skv. 4 mgr. 5 gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofn sveitarfélaga að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitumelli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Þá er sveitarfélögum jafnframt heimilt að lækka eða fella niður fráveitugjöld hjá tekjulágumelli- og örorkulífeyrisþegum skv. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar ákvarðar breytingar á afslætti elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi eftir yfirferð skattframtala.

Í ársbyrjun 2016 verður afslátturinn reiknaður út til bráðabirgða miðað við tekjur ársins 2014. Eftir að niðurstaða álagningar Ríkisskattstjóra er birt í byrjun ágúst er afslátturinn endurreiknaður miðað við tekjur ársins 2015.

Lækki réttur til afsláttar í endurútreikningi frá bráðabirgðaútreikningi þarf afsláttarþegi að endurgreiða ofreiknaðan afslátt.

Lagt er til að gjalddagi kröfu vegna breytinga á afslætti verði 1. nóvember 2016. Boðið er upp á greiðsludreifingu til allt að 3ja mánaða á kröfum sem eru yfir 25.000 kr.



Dagur B. Eggertsson